

stökkva af bifreiðinni niður á Suðurgötuna, verður að telja hæfilegt, að sök kærðs varði 400 kr. sekt, er renni í rikissjóð, en til vara komi 20 daga varðhald, ef sektin verður eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærður allan kostnað sakarinnar. Jóni Jóhannesyni málflm., Siglufirði, og umboðsmanni móður þess, er dó af slysinu, hafði verið tilkynnt af dómáranum, að móðirin ætti þess kost að koma að skaðabótamáli gegn kærðum í máli þessu, en hann lét dómáran vita, að þess væri eigi óskað.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Magnús Magnússon ishússtjóri, Siglufirði, greiði 400 kr. sekt í rikissjóð, en sæti til vara 20 daga varðhaldi, ef sektin greiðist ekki innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. desember 1943.

Kærumálið nr. 13/1943. **Stefán Runólfsson**
gegn

Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

Ómerking og vísun máls frá héraðsdómi..

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 11. nóv. s. l., er hingað barst 2. þ. m., hefur sóknaraðili kært tvo úrskurði, kveðna upp á bæjarþingi Reykjavíkur 11. nóv. s. l., varðandi skyldu Ragnars Bjarkans stjórnarráðsfulltrúa og Eggerts Claessens hæstaréttarlögmans til þess að bera vætti í máli varnaraðilja á hendur sóknaraðilja, sem rekið er fyrir bæjarþinginu. Krefst sóknaraðili þess, að báðir úrskurðir þessir verði úr gildi felldir. Varnaraðili krefst þess hins vegar, að úrskurðirnir verði staðfestir og honum dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómisins.

Athugun á málatilbúnaði, málflutningi og málsmeðferð í héraði, að því er kæruefnið varðar, hefur leitt í ljós það, sem hér segir:

Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður höfðaði mál í héraði f. h. Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu á hendur Stefáni Runólfssyni með stefnu 26. jan. 1943 til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 600.00. Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 28. janúar 1943. Þá lagði fyrirvarsmaður sóknaraðilja í héraði fram stefnu, sáttakæru, málskostnaðarreikning og endurrit af dómi hæstaréttar í málinu: Páll Magnússon f. h. þrotabús Stefáns Runólfssonar gegn Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu, þar sem nefnt þrotabú er dæmt til að greiða Rafveitunni 600 krónur í ómaksbætur fyrir hæstarétti. Enga greinargerð lagði fyrirvarsmaðurinn þá fram, og gerir hann þess enga grein í sáttakæru eða stefnu né á annan hátt, á hvaða ástæðu eða ástæðum hann reisir þá kröfu sína, að Stefán Runólfsson verði dæmdur til þess að greiða ómaksbætur þær, er þrotabúi hans hafði verið gert að greiða með greindum hæstaréttardómi.

Fyrirvarsmaður varnaraðilja í héraði fékk nú léð máls skjölin og 14 daga frest. Að þeim fresti liðnum lagði hann fram greinargerð af sinni hálfu ásamt einu fylgiskjali. Í greinargerð þessari andmælir fyrirvarsmaðurinn því, að Stefán Runólfsson beri persónulega ábyrgð á greiðslu greindra ómaksbóta. Telur hann skiptum á þrotabúi Stefáns ekki vera lokið og krefst aðallega frávisunar málsins frá bæjarþinginu, en til vara sýknu. Fyrirvarsmaður sóknaraðilja í héraði fékk nú skjöl málsins í sínar hendur og 14 daga frest. Eftir það fær sami fyrirvarsmaður hvern frestinn af öðrum, eða alls 5 fresti, til 29. apríl. Þann dag, en fyrr ekki, kemur fram greinargerð af hans hálfu. Í greinargerð þeirri mótmælir hann frávisunarkröfunni. Sýknukröfu gagnaðilja síns kveðst hann einnig andmæla, með því að „stefndur ábyrgist sjálfur allar kröfur bús síns“. Hefur hann enga frekari grein gert í héraði fyrir málsástæðum sínum í máli þessu. Fyrirvarsmaður varnaraðilja í héraði fékk nú 14 daga frest. Að þeim fresti liðnum skilaði hann aftur skjölum málsins, og var frávisunarkrafan þá tekin til dóms eða úrskurðar. Féll úrskurður bæjarþingsins 20. maí á þá leið, að frávisunarkröfunni var hrundið. Eftir þetta fékk

fyrirsvarsmaður varnaraðilja í héraði fresti til 24. júní, en þá töldu aðiljar gagnasöfnun lokið. Kveður dómari þá svo á, að dagur til munnlegs málflutnings verði síðar ákveðinn.

Í bæjarþingi Reykjavíkur 30. sept. er málið tekið fyrir af nýju. Fór fyrirsvarsmaður sóknaraðilja í héraði nú þess á leit, að honum yrði veittur frestur til frekari gagnasöfnunar, og fékk hann fresti í því skyni til 14. október. Er málið var þá fyrir tekið, krafðist fyrirsvarsmaður sóknaraðilja í héraði þess, að tilteknar spurningar yrðu lagðar fyrir vitnin Ragnar Bjarkan og Eggerf Claessen. Spurningar til Ragnars Bjarkans, er verið hafði skiptaráðandi þrotabús Stefáns Runólfssonar, lúta sumar að því, hvort skiptum þrotabús þess sé lokið. Ekki verður séð, að fyrirsvarsmaður sóknaraðilja í héraði hafi á þeim tíma, sem við átti, þ. e. áður úrskurður gengi um frávisunarkröfu gagnaðilja hans, krafði nefndan skiptaráðanda embættisvottorðs um greint atriði, sbr. 4. tölulið 125. gr. laga nr. 85/1936. Svör við öðrum spurningum til þessa vitnis svo og við spurningum til vitnisins Eggerts Claessens virðist nefndur fyrirsvarsmaður samkvæmt greinargerð hér fyrir dómi ætla að nota til styrktar málsástæðu, sem hann hefur ekki enn hreyft í héraði. Af hálfu varnaraðilja í héraði hefur vitnaleiðslum þessum verið andmælt, og leiddi það til þess, að upp voru kveðnir úrskurðir þeir, er nú hafa verið kærðir.

Eins og sjá má, hefur mál þetta sætt meðferð andstæðri fyrirmælum laga nr. 85/1936. Fyrirsvarsmaður sóknaraðilja í héraði, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, leggur enga greinargerð fram, þegar málið er þingfest, og ekki er málsatvikum og málsástæðum lýst í sáttakæru né stefnu. Er þetta brýnt brot á 105. gr. greindra laga. Sam-eiginlegur frestur aðiljum, sem þeim ber að hagnýta sér í samvinnu eftir ástæðum, er ekki veittur samkvæmt 110. gr. sbr. 111. gr. s. l., heldur frestir á víxl, eins og tíðkaðist eftir eldri reglum. Ekki er ákveðið á þeim tíma, er segir í 109. gr. s. l., hvort mál skuli flutt munnlega eða skriflega. Hefur hæstiréttur margsinnis síðan 12. marz 1941 fundið að meðferð einkamála á bæjarþingi Reykjavíkur og bent á, um hvað áfátt væri. Eins og að framan er rakið, hefur með-

ferð máls þess af hendi dómara, Kristjáns setts lögmanns Kristjánssonar, og málflutningur af hendi umboðsmanns sóknaraðilja í héraði, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, brotið mjög í bága við fyrirmæli laga nr. 85/1936. Þykir ekki hlýða, að hinum ólöglega rekstri málsins sé lengur fram haldið, og verður að ómerkja hina áfrýjuðu úrskurði og alla meðferð málsins í héraði og vísa því frá héraðsdómi.

Þar sem sóknaraðili hér fyrir dómi hefur ekki krafizt málskostnaðar vegna kærumáls þessa, þykir málskostnaður fyrir hæstarétti eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinir kærðu úrskurðir svo og öll meðferð bæjarþingsmálsins eiga að vera ómerk og vísast málinu frá bæjarþinginu.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1943.

Mál þetta hefur Magnús Thorlacius hrm. f. h. Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausu sáttumleitun gegn Stefáni Runólfssyni, Gunnarsbraut 34 hér í bæ, og gert þær kröfur, að stefndur verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 600.00, skv. hæstaréttardómi, uppkveðnum 22. júní 1942, í málinu: Páll Magnússon f. h. þrotabús Stefáns Runólfssonar gegn Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu, auk 6% ársvaxta frá 22. júní 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar, og virðist svo af greinargerð þeirri, er fram hefur verið lögð af hans hálfu, að hann styðji kröfur sínar annars vegar við það, að skiptum í þrotabúi hans sé ekki lokið, og hins vegar það, að hann beri ekki persónulega ábyrgð á skuldum, sem þrotabúið stofnar.

Hinn 14. f. m. kom Ragnar Bjarkan, er var setuskiptaráðandi í þrotabúi stefnds, fyrir bæjarþingið sem vitni, og krafðist umboðsmaður stefnanda þess, að spurningarnar á þingskjali 13 A yrðu lagðar fyrir vitnið. Umboðsmaður stefnds mótmælti því og rökstuddi andmæli sín með því, að svör vitnisins við spurningum þessum myndu ýmist vera skýringar á opinberum réttarskjöllum, og sé það hlutverk dómara, eða þau væri með öllu þýðingarlaus fyrir

málið. Umboðsmaður stefnanda hélt fast við kröfu sína, og var atriðið tekið til úrskurðar.

Ekki þykir unnt að fallast á það með stefndum, að vitni sé óheimilt að svara spurningu, er miði að því að skýra atriði í réttarskjöllum, enda mun slíkt bann ekki eiga stoð í íslenskum lögum. Þá þykir ekki augljóst, að svör vitnisins við nefndum spurningum verði þýðingarlaus fyrir málið, enda verður ekki annað séð en stefndur hafi í greinargerð sinni gefið stefnanda tilefni til að leggja spurningar þessar fyrir vitnið. Atriðið verður því úrskurðað á þá leið, að heimilað verður að leggja framangreindar spurningar fyrir vitnið.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi lögmanns, kvað upp úrskurð þenna, en dráttur á uppsögu hans stafar af því, er nú skal greint: Úrskurður um þetta efni var kveðinn upp samstundis í bæjarþinghaldi 14. f. m., og var honum skotið til hæstaréttar þegar í stað. Með dómi hæstaréttar 1. þ. m., er barst bæjarþinginu 3. þ. m., var úrskurðurinn ómerktur sakir foringalla og málinu vísað heim til uppsögu úrskurðar af nýju. Töf sú, er síðan hefur á orðið, stafar af embættisönnum.

Því úrskurðast:

Spurningarnar á þingskjali 13 A verða lagðar fyrir vitnið Ragnar Bjarkan.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1943.

Mál þetta hefur Magnús Thorlacius hrm. f. h. Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitun gegn Stefáni Runólfssyni, Gunnarsbraut 34 hér í bæ, og gert þær kröfur, að stefndur verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 600.00, skv. hæstaréttardómi, uppkveðnum 22. júní 1942, í málinu: Páll Magnússon f. h. þrotabús Stefáns Runólfssonar gegn Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu, auk 6% ársvaxta frá 22. júní 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar, og virðist svo af greinargerð þeirri, er fram hefur verið lögð af hans hálfu, að hann styðji kröfur sínar annars vegar við það, að skiptum í þrotabúi hans sé ekki lokið, og hins vegar við það, að hann beri ekki persónulega ábyrgð á skuldum, sem þrotbúið stofnar.

Hinn 14. f. m. kom Eggert hrm. Claessen fyrir bæjarþingið sem vitni, og voru lagðar fyrir hann spurningarnar á þingskjali 13 B. Neitaði vitnið að svara spurningum þessum, þar eð svörin myndu ljósta upp leyndarmálum umbjóðanda hans, er hann hefði að lögum skyldu til að varðveita. Í annan stað kvað vitnið svör sín við spurningunum þýðingarlaus fyrir mál þetta. Umboðsmaður stefn-

anda andmælti heimild vitnisins til að skorast undan svörum, og var atriðið tekið til úrskurðar.

Gegn andmælum stefnanda þykja ekki nægar líkur hafa verið að því leiddar, að þær upplýsingar, sem svör vitnisins kynnu að láta í ljós, séu þess eðlis, að þagnarskylda vitnisins skv. 1. gr. laga nr. 61 frá 1942, sbr. 3. tölulið 126. gr. einkamálalaganna, taki til þeirra. Þá þykir ekki augljóst, að svör vitnisins við nefndum spurningum verði þýðingarlaus fyrir málið, enda verður ekki annað séð en stefndur hafi í greinargerð sinni gefið stefnanda tilefni til að leggja spurningar þessar fyrir vitnið. Atriðið verður því úrskurðað á þá leið, að vitnið verður skyldað til að svara framangreindum spurningum.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi lögmanns, kvað upp úrskurð þenna, en dráttur á uppsögu hans stafar af því, er nú skal greint:

Úrskurður um þetta efni var kveðinn upp samstundis í bæjarþinghaldi 14. f. m., og var honum skotið til hæstaréttar þegar í stað. Með dómi hæstaréttar 1. þ. m., er barst bæjarþinginu 3. þ. m., var úrskurðurinn ómerktur sakir formgalla og málinu vísað heim til uppsögu úrskurðar af nýju. Töf sú, er síðan hefur á orðið, stafar af embættisönnnum.

Því úrskurðast:

Vitninu Eggert Claessen er skylt að svara spurningunum á þingskjali 13 B.

Miðvikudaginn 15. desember 1943.

Nr. 61/1943. Hafnarstjórn Reykjavíkur

(Cand. jur. Tómas Jónsson)

gegn

**Stefáni Jóh. Stefánssyni f. h. Svensk-Is-
ländska Fryseriaktiebolaget, Göteborg**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Forkaupsréttur að tilteknum eignum fyrir matsverð talinn vera fyrir hendi, þótt kaupsamningur eiganda þeirra og þriðja manns um þær hafi verið felldur úr gildi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. júní þ. á., gerir þessar dómkröfur: Aðallega að stefnda verði dæmt að veita honum afsal fyrir fasteigu-